



# **Naustaskóli**

## **Starfsáætlun 6. – 7. bekkjar skólaárið 2016 - 2017**

**Andri Snær Stefánsson  
Guðrún Valdís Eymundsdóttir  
Hafdís Björg Bjarnadóttir  
Heimir Örn Arnason  
Salóme Ýr Annesdóttir  
Særún Magnúsdóttir**

## Efnisyfirlit

Starfsskipulag .....	3
Kennsluhættir .....	4
Samvinnunám .....	4
Samvera .....	4
Námsgreinar .....	5
Uppeldisstefna Naustaskóla .....	5
Jákvæður agi .....	5
Þemu vetrarins .....	5
Uppbrot í skólastarfi .....	6
Út fyrir skólastofuna .....	6
Aðalnámskrá grunnskóla .....	6
Mat á námi nemenda .....	7
Námsmöppur .....	7
Námsmat .....	7
Foreldrar og skóli .....	8
Ársáætlun .....	9

# Starfsáætlun 6. – 7. bekkjar skólaárið 2016-2017

## Starfsskipulag

Í vetur verða nemendur í 6.-7. bekk 59 talsins og umsjónarhópar verða þrjár, fjöldi í hóp er 20, 20 og 19 nemendur. Við röðun nemenda í umsjónarhópa var miðað við að flestir af eldra ári verði áfram í sama umsjónarhóp en við skiptingu yngra árs var reynt að fara eftir félags- og námslegri stöðu nemenda. Íþróttahópar verða umsjónahópar, sundhópar árgangaskipt. Í útivist og vinnustund eru umsjónarhópar látnir ráða för. Í vinnustund mun umsjónakennurum gefast kostur á einstaklingsviðtölum við nemendur.

Smiðjuhópar eru fimm, verkgreinakennarar skiptu nemendum niður. Hópaskipting í hringekju og þemum er sú sama, fjórir hópar. Líkt og sjá má á stundaskrá, sitja nemendur 32 tíma á viku. Hringt er inn klukkan 8:10 að morgni en er breytilegt hvenær skóladegi lýkur, sjá stundaskrá. Ávaxtastund/nesti fyrir frímínútur klukkan 9:50 að morgni. Hádegismat og seinni frímínútur fá nemendur milli 11:50 og 12:20.

Á miðstigi eru umsjónarkennarar enn í aðalhlutverki og sjá þeir nokkuð jafnt um kennslu bóklegra faga. Í teyminu starfar einn stoðkennari sem tekur virkan þátt í námsaðlögun og kennsluskipulagningu að auki eru tveir stuðningsfulltrúar. Verkgreinakennarar sem og íþróttakennarar sjá um kennslu sex tíma í stundaskrá, tvo smiðjutíma (heimilisfræði, smíðar, textílmennt, dans og myndmennt), einn sundtíma, einn íþróttatíma og einn tíma í útikennslu. Umsjónarkennarar sjá um kennslu þeirra 26 tíma sem eftir standa.

Fyrstu vikurnar fara í að kynna nýjum nemendum og mynda tengsl milli aldurstiga sem og á milli nemenda og kennara. Við alla hópavinnu verða margvísleg atriði höfð til hliðsjónar, líkt og geta, félagsleg tengsl og viðfangsefni. Uppbygging verkefna og framsetning þeirra hefur þó einnig áhrif en áherslan verður ætíð á gleði og jákvætt starfsumhverfi sem leitt getur á sem bestan hátt til aukinnar þekkingar, leikni og hæfni.

Í skólastofunni sem og í skólastarfinu öllu er mikið lagt upp úr því að börnin temji sér sjálfstæð vinnubrögð, gott vinnulag, virðingu fyrir umhverfi sínu, samnemendum og kennurum. Markmið náms/verkefna verða kynnt fyrir nemendum jafnt og þétt yfir skólaárið. Fjölbreytt verkefni verða unnin á skólaárinu en sem dæmi má nefna þemaverkefni, ensku/upplýsingatækniverkefni, íslenskuverkefni og ýmis önnur vinna. Verkefni verða gerð

sýnileg nemendum og foreldrum í kennslurými og matsmöppum auk þess verður foreldrum boðið í heimsókn a.m.k. einu sinni á önn. Stuðst verður við fjölbreyttar leiðir í námsmati svo sem sjálfsmat, leiðsagnarmat, kannanir, jafningjamat og fl.

### **Kennsluhættir**

Kennsluhættir í vetur munu miða sérstaklega að því að gera nemendur að virkum þátttakendum í námi og starfi. Fjölbreyttur nemendahópur kallar á sveigjanlegar kennsluaðferðir og aðlögun að þörfum ólíkra einstaklinga. Lögð verður áhersla á að öll vinna við lausnir verkefna sé með fjölbreyttasta móti, líkt og í formi talaðs máls/tjáningar (þá sérstaklega í ensku/dönsku), óhefðbundinnar vinnu með texta, notkunar á tölvu/spjaldtölvur, ýmis hugbúnaðar og hjálpartækja (t.d. veforðabóka) og myndrænna verkefnaskila. Þá verður mikið lagt upp úr skapandi skrifum, lesskilning, ritun og orðaforða. Í vetur verður því kennslusvæðið nýtt til hins ýtrasta og nemendur gerðir eins sjálfbærir og sjálfstæðir í vinnubrögðum og mögulegt er. Stöðvavinna/hringekjuvinna verður að sniðin að þörfum hvers og eins nemenda þá verður jafningjafræðslu einnig haldið á lofti.

### **Samvinnunám**

Í vetur mun Særún umsjónarkennari styðjast við þróunaráætlun sína um innleiðingu samvinnunáms á miðstigi grunnskóla. Samvinnunám er einskona regnhlífarhugtak yfir fjölda kennsluaðferða sem allar stuðla á sama tíma bæði að náms- og félagsfærni nemenda og er í raun kærkomin viðbót við hið hefðbundna kennsluform þar sem nemendur sitja í röðum og samkeppni og einstaklingshyggja ræður ríkjum. Samvinnunám stuðlar að samvinnu og samstarfi nemenda enda bera allir ábyrgð á að klára verkefnið saman. Þannig gera nemendur sér frekar grein fyrir því að framlag allra í hópnum er nauðsynlegt (allir fá hlutverk). Þá hafa rannsóknir sýnt að með því að notast við samvinnunám í bland við hefðbundna kennslu aukist jákvæð félagstengsl, gagnrýnið sjálfsmat og ígrundun nemenda.

### **Samvera**

Á mánudögum verður sameiginleg 20 mínútna samvera með 4.-5. bekk þar sem nemendur munu syngja undir stjórn Ívars tónmenntakennara hjá Tónlistarskóla Norðurlands. Að auki munu nemendur flytja fjölbreytt verk eftir tónlistarmenn/stefnu mánaðarins. Verkin verða samþætt við aðrar námsgreinar eins og ensku, dönsku og íslensku og undirbúin í hringekju. Á föstudögum berst foreldrum tölvupóstur þar sem vikan er reifuð sem og vikan sem í hönd

fer. Á heimasíðu árgangsins (6.-7. n Naustaskóla 2016-2017) má sjá myndir úr skólastarfinu, verkefnum nemenda og nemendum við vinnu sína.

Námsáætlanir hvers fags veita greinabetri upplýsingar um þau viðfangsefni sem nemendur eru að vinna hverju sinni. Neðst í skjalinu má finna ársáætlun vetrarins í grófum dráttum en starf skólaársins 2016-2017 er unnið út frá þessari áætlun sem og einstakar fagáætlanir.

## Námsgreinar

Námsgreinar vetrarins hjá 6.-7. bekk eru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, upplýsingatækni, danska, enska og náttúrufræði.

Áætlunartímarnir verða að mestu leyti tileinkaðir stærðfræði. Einnig verður ein stöð í hringekju stærðfræðistöð en þar ætlum við okkur að vera með innlagnir og/eða fara dýpra í ákveðna þætti. Íslenskan verður kennd í lotum með fjölbreyttum hætti þar sem kennsluaðferðin orð af orði verður mikið notuð og þá sérstaklega í þemavinnu og í hringekju. Í ensku og dönsku verða þrjár stöðvar þar sem fjölbreytt og einstaklingsmiðuð verkefni verða lögð fyrir.

## Uppeldisstefna Naustaskóla

### Jákvæður agi

Hugmyndafræðin að baki uppeldisstefnunnar „jákvæður agi“ gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju, gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.

Þrisvar í viku, á þriðjudögum, miðvikudögum og föstudögum, mun hver umsjónarhópur hittast með umsjónarkennara sínum í gæðahringjum/bekkjarfundum. Fundirnir, uppbygging þeirra og framkvæmd er m.a. ætlað að veita nemendum tækifæri til að tjá sig í öruggu umhverfi, þróa samskiptahæfni sína, læra af mistökum og leysa deilumál á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

### Þemu vetrarins

Þemu verða kennd á þriðjudögum en ef ástæða þykir verður fleiri tímum bætt við. Þemavinnan verður samþætt öðrum námsgreinum. Hér að neðan má sjá þau þemu sem kennd verða og í þeirri röð sem þau verða tekin fyrir;

- Benjamín dúfa
- Norðurlönd

- Líkami mannsins
- Vísindapema

## Uppbrot í skólastarfi

Ýmis uppbrot verða í skólastarfinu, sum fyrirfram skipulögð en önnur geta verið ákveðin án mikils fyrirvara. Slík uppbrot verða kynnt sérstaklega í föstudags póstum.

Þau uppbrot sem stefnt er að nú þegar eru m.a.;

- Þann 6.apríl mun árshátíð skólans fara fram. Nemendur 6.-7. bekkjar munu að sjálfsögðu stíga á stökk með afburðaratriði.
- Nemendur bjóða foreldrum að koma í skólann og líta á verkefni sín.

## Út fyrir skólastofuna

Eitthvað verður leitað út fyrir veggj skólastofunnar í vetur og má þar nefna ýmsar ferðir tengdar þeim viðfangsefnum og þeim sem verið er að taka fyrir. Áætlað er að fara í eftirfarandi ferðir:

- Ferð 6. bekkjar með Húna. Viðfangsefni og markmið tengist þeim.
- Amtsbókasafnið verður heimsótt að lágmarki einu sinni á skólaárinu og safnið og starfsemi þess kynnt fyrir nemendum ásamt því að veita þeim tækifæri til að taka bækur að láni á safninu.
- Ferðir í fyrirtæki tengt þemavinnu.
- Skólinn stendur fyrir nokkrum útivistardögum á skólaárinu t.d ferðir í Kjarnaskóg, Hlíðarfjall og Naustaborgir.
- Ísferð í Brynju og heimsóknir í fyrirtæki bæjarins, o.s.frv.

## Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla verður höfð til grundvallar í öllu starfi í vetur. Sex grunnþættir menntunar sem aðalnámskráin leggur áherslu á eru lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti, sköpun og læsi. Allir þættirnir munu fá sinn tíma og verða samofnir verkefnum, námi og kennslu.

Sú lykilhæfni sem aðalnámskráin setur fram verður kynnt fyrir nemendum bæði í formi umræðna og verkefna ásamt því að samvinnast daglegu starfi. Tillit verður tekið til einstaklingsmiðunar og unnið að samræmingu samfélagslegra markmiða sem og þeirra

markmiða er snúa að menntun sérhvers nemenda. Á þennan hátt verður aðalnámskránni beitt til að skerpa skólastarfið og byggja tengsl milli markmiða og kennslu.

## Mat á námi nemenda

### Námsmöppur

Námsmöppur nemenda eru yfirlit yfir verkefni og vinnu þeirra. Möppunum er ætlað að vera kennaranum verkfæri til mats og nemendum og foreldrum verkfæri til samræðu um störf nemandans. Möppurnar innihalda hinar ýmsu tegundir verkefna líkt og kannanir, myndræn verkefni, hópverkefni, glæru kynningar, o.fl. Fjórum sinnum á ári fara nemendur með möppurnar heim þar sem ætlast er til að foreldrar/forráðamenn fari yfir verkefnin með börnunum og skrifi hvatningarorð til þeirra. Kennari metur einnig verkefnin.

Ákveðin matsverkefni enda í varanlegri safnmöppu nemenda sem fylgir þeim allan grunnskólann.

Eftirtalin verkefni má finna í námsmöppum nemenda í vetur:

**Upplýsingatækni:** Að mestu samþætтуð inn í verkefni annarra námsgreina.

**Enska:** Ýmis verkefni

**Danska:** Verkefni

**Íslenska:** Ýmiskonar ritunarverkefni s.s. ljóð, sögur o.fl. Orð af orði verkefni s.s. krossglímur, hugtakakort o.fl. Málfræðin verður kennd í lotum sem lýkur með sjálfsmati og skriflegri könnun.

**Stærðfræði:** Símat, kannarnir eftir hverja lotu ásamt aukaverkefnum.

**Þemu:** Fjölbreytt verkefni tengd þemaefni hverju sinni.

### Námsmat

Í vetur verður nær eingöngu notast við símat og leiðsagnarmat en einhverjar kannanir og lestrarpróf munu að auki læðast inn í námsmatið. Þar sem námsmatið er samtvinnað skólastarfinu en ekki sérstakur og aðskilinn hluti þess auðveldar það nemendum og kennurum að meta stöðuna í náminu jafnt og þétt. Að sama skapi veitir slíkt fyrirkomulag kennaranum svigrúm til að bregðast við niðurstöðum matsins áður en í óefni er komið. . Þá verður einnig notast við sjálfs- og jafningjamat. Verkefnabók á mentor veitir svo foreldrum frekari yfirsýn yfir niðurstöður kannana. Vilji er fyrir því hjá teyminu að hvert þema verði

metið strax með leiðsagnarmati og sett inn á Mentor. En það þarf að útfæra það betur í samvinnu við Mentor.

## **Foreldrar og skóli**

Teymisfundir verða tvisvar í viku, á mánudögum kl. 10:10 og á fimmtudögum kl. 8:10.

Foreldrar geta óskað eftir fundum með kennurum hvenær sem þeim finnst ástæða til og er áætlaður tími til þess eftir kennslu á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.

Foreldrum er einnig velkomið að heimsækja börn sín meðan á kennslu stendur og upplifa þannig skólastarfið og líðan barns þeirra innan veggja skólans í enn frekari nálægð.

Námsmöppur nemenda vekja oft upp spurningar hjá foreldrum en hvatt er sérstaklega til notkunar tölvupóstsamskipta milli foreldra og kennara um hvað það efni er snýr að námi og líðan nemanda. Foreldrar munu fá sérstök boð um hin ýmsu uppbrot í skólastarfið á skólaárinu, líkt og sýningu á þemavinnu og verkefnum eða boð á hina árlegu árhátíð skólans en frekari upplýsingar munu verða í viðeigandi póstum.

Hinir vikulegu föstudagspóstar, frá kennurum til foreldra, sjá svo um að gefa ákveðið yfirlit yfir það sem á undan er gengið í skólastarfinu og einnig það sem framundan er.



# Ársáætlun 2016 - 2017

Bekkur: 6. – 7. bekkur

Kennarar: Andri Snær, Hafdís, Heimir Örn og Særún

	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Samffr./Náttúrufr.  Pema	Benjamín Dúfa  Horft á mynd Lestur eða hlustun bókar	Benjamín Dúfa  Lestur eða hlustun bókar Samvinnunám/Enska Orð af orði/Krossglíma Kjörbók Valin atburður úr sögunni settur í fréttablað Hugtakakort	Benjamín Dúfa  Lestur eða hlustun bókar Samvinnunám/Enska Orð af orði/Krossglíma Kjörbók Valin atburður úr sögunni settur í fréttablað Hugtakakort	Norðurlönd  Kortagerð Kynningar/powerp. Orð af orði Samvinnunám/Púslaðferð  Verkefnabók	Norðurlönd  Kortagerð Powerp. Orð af orði Samvinnunám/Púslaðferð  Verkefnabók
Íslenska	Staða nemenda könnuð Upprifjun	Málfræði/Nafnorð Vinnubók og könnun Samvinnunám Lestur  Ritun	Málfræði/ Lýsingarorð Vinnubók og könnun Samvinnunám Lestur  Ritun	Málfræði/ Sagnorð Vinnubók og könnun Samvinnunám Lestur  Heimildarritgerð	Bókmenntir og ljóð tengd jólum Samvinnunám Ritun
Stærðfræði	Staða nemenda könnuð Upprifjun	12. Þrep Stika 2a  14. Þrep Stika 3a  Áætlun og kaflakönnun 1	12. Þrep Stika 2a  14. Þrep Stika 3a  Áætlun og kaflakönnun 2	12. Þrep Stika 2a  14. Þrep Stika 3a  Áætlun og kaflakönnun 3	12. Þrep Stika 2a  14. Þrep Stika 3a  Áætlun og kaflakönnun 4
Tungumál	Staða nemenda könnuð og skipt í þarfamiðaða hópa í ensku	Enska: Orðaforði og grunnmálfræði Samvinnunám  Danska: Tölur, dagar og kynning á sjálfum sér	Enska: Orðaforði og grunnmálfræði Samvinnunám Danska: Tölur, dagar og kynning á sjálfum sér	Enska: Orðaforði og grunnmálfræði Samvinnunám Danska: Tölur, dagar og kynning á sjálfum sér Farandkennari	Enska: Orðaforði og grunnmálfræði Samvinnunám Danska: Tölur, dagar og kynning á sjálfum sér Farandkennari

<b>Jákvæður agi</b> Hópefli Umræður	<u>Verkefni vikunnar</u> Að skapa venjur Störfin í bekkjum	<u>Verkefni vikunnar</u> Bekkjarsáttmálar og viðmið Að æfa hrós og þakkir	<u>Verkefni vikunnar</u> Að virða fjölbreytileikann Settu þig í mín spor Samskiptafærni Leita lausna		
---	--	---	--	--	--

Ofantalin heildaráætlun yfir kennslu vetrarins er eingöngu áætlun og verkefni og áherslur innan hennar geta tekið einhverjum breytingum meðan á skólastarfinu stendur. Allar breytingar verða sérstaklega tilkynntar og birtast eftir því sem við á inn á mentor.